

Nemendur í 1. – 6. bekk eiga að hafa eftirfarandi bólusetningar til að teljast „**FULLNÆGJANDI**“

- 1) **Infanrix Polio Hib (Stífkrampi, barnaveiki, kíghósti, haemophilus influenzae b og mænusótt)** – **ÞRJÁR** sprautur fyrir 12 mánaða aldur og **EINA Boostrix (Barnaveiki, stífkrampi og kíghósti)** við 4 ára aldur.

***ÞRÍR** skammtar af stífkrampa, barnaveiki, kíghósta og mænusóttar bóluefni nægja ef barn fékk ekki fyrrgreindar bólusetningar skv. skipulagi (sjá blað um [ófullkomnar bólusetningar](#)).

- 2) **NeisVac C (Meningókokkar C)** – **TVÆR** sprautur ef nemandi var yngri en 12 mánaða við bólusetningu.
***EIN** sprauta nægir ef nemandinn var orðinn 12 mánaða eða eldri þegar hann fékk bólusetninguna.

- 3) **Priorix (Mislingar, hettusótt og rauðir hundar)** – **EIN** sprauta

Nemendur í 7. og 8. bekk eiga að hafa eftirfarandi bólusetningar til að teljast „**FULLNÆGJANDI**“

- 1) **Infanrix Polio Hib (Stífkrampi, barnaveiki, kíghósti, haemophilus influenzae b og mænusótt)** – **ÞRJÁR** sprautur fyrir 12 mánaða aldur og **EINA Boostrix (Barnaveiki, stífkrampi og kíghósti)** við 4 ára aldur.

***ÞRÍR** skammtar af stífkrampa, barnaveiki, kíghósta og mænusóttar bóluefni nægja ef barn fékk ekki fyrrgreindar bólusetningar skv. skipulagi (sjá blað um [ófullkomnar bólusetningar](#)).

- 2) **NeisVac C (Meningókokkar C)** – **TVÆR** sprautur ef nemandi var yngri en 12 mánaða við bólusetningu.
***EIN** sprauta nægir ef nemandinn var orðinn 12 mánaða eða eldri þegar hann fékk bólusetninguna.

- 3) **Priorix/MMRvaxPro (Mislingar, hettusótt og rauðir hundar)** – **TVÆR** sprautur.
*Ein sprauta nægir ef einstaklingur var orðin 12 ára þegar hann fékk bólusetninguna.

- 4) **Cervarix/Gardasil (HPV - Mannapapillomaveira)** – **ÞRJÁR-TVÆR** sprautur ([einungis stelpur](#))

Nemendur í 9. og 10. bekk eiga að hafa eftirfarandi bólusetningar til að teljast „**FULLNÆGJANDI**“

- 1) **Infanrix Polio Hib (Stífkrampi, barnaveiki, kíghósti, haemophilus influenzae b og mænusótt)** – **ÞRJÁR** sprautur fyrir 12 mánaða aldur og **EINA Boostrix (Barnaveiki, stífkrampi og kíghósti)** við 4 ára aldur.

***ÞRÍR** skammtar af stífkrampa, barnaveiki, kíghósta og mænusóttar bóluefni nægja ef barn fékk ekki fyrrgreindar bólusetningar skv. skipulagi (sjá blað um [ófullkomnar bólusetningar](#)).

- 2) **NeisVac C (Meningókokkar C)** – **TVÆR** sprautur ef nemandi var yngri en 12 mánaða við bólusetningu..
***EIN** sprauta nægir ef nemandinn var orðinn 12 mánaða eða eldri þegar hann fékk hana.

- 3) **Priorix (Mislingar, hettusótt og rauðir hundar)** – **TVÆR** sprautur.
*Ein sprauta nægir ef einstaklingur var orðin 12 ára þegar hann fékk bólusetninguna.

- 4) **Cervarix/Gardasil (HPV - Mannapapillomaveira)** – **ÞRJÁR-TVÆR** sprautur ([einungis stelpur](#))

- 5) **Boostrix Polio (Barnaveiki, stífkrampi, kíghósti og mænusótt)** – **EIN** sprauta



Athugið að hjá börnum sem koma erlendis frá getur heiti bóluefna verið annað er hér er nefnt.
Hér eru [upplýsingar um almennar bólusetningar í Evrópulöndum](#)